

Málefni: Kolviðarhólslína 1 – frekara viðhald við útfærslu verkefnis

Landsnet hyggst að hluta til endurnýja Kolviðarhólslínu 1 milli Kolviðarhóls og Geitháls. Vísað er í áður framlögð gögn með fyrirspurn um matsskyldu, og lauk með ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 14. maí 2021, um að framkvæmdin væri ekki matsskyld. Síðar sendi Landsnet með viðbótarupplýsingar til Skipulagsstofnunar vegna breytinga á framkvæmdinn í tölvupósti dags. 5. apríl 2022, sem Landsnet taldi óverulegar og ekki væri þörf á nýrri fyrirspurn um matsskyldu. Skipulagsstofnun sendi svar dags. 8. apríl 2022. Þar sem fallist var á niðurstöðu Landsnets. Þar sem síðar hefur verið ákveðið að ganga lengra í viðhaldi mannvirkja línunnar telur Landsnet rétt að upplýsa Skipulagsstofnun um þær framkvæmdir.

Eftir því sem verkinu hefur undið fram, þ.e. undirbúningi og hönnun breytinga, er það mat Landsnets nú að það borgi sig að skipta þeim 40 undirstöðum burðarmastra sem metnar voru í mjög slæmu eða sæmilegu ástandi í stað þess að leggjast í viðgerðir á þeim. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu sem unnið var eftir við ástandsmat undirstaða. Þar á eftir eru ljósmyndir af undirstöðum í öllum flokkum.

TAFLA 1 Ástandsmat á undirstöðum, flokkunarkerfi.

Flokkur	Einkunn	Lýsing	Viðhaldspörf
1	Mjög gott	Engar skemmdir	Engin
2	Gott	Veðrun	< 20 ár
3	Sæmilegt	Sprungur	< 10 ár
4	Mjög slæmt	Brotin sést í járn	< 3-5 ár



Flokkur 1: Viðhaldspörf innan 30 ára.

Ástand: Ekkert sér á undirstöðu. Nýlegar eða nýbúið að gera við þær.



Flokkur 2: Viðhaldspörf innan 20 ára.

Ástand: Veðraðar en engin sprungumyndun hafin, smá útfellingar.



Flokkur 3: Viðhaldspörf innan 10 ára.

Ástand: Sjáanlegar sprungur og/eða horn farin að brotna af undirstöðutopp.



Flokkur 4: Viðhaldspörf innan 2-5 ára.

Ástand: Undirstöðutoppur farinn að brotna og sprungur víða, farið að sjást í járnbindingu undirstöðu.

Eftir að hafa gert greiningu á kostnaði og umfangi við að skipta um allar undirstöður stagaðra burðar-mastra, er það mat Landsnets að farsælast er að bæta þessum verkþætti við áður skilgreint verk. Landsnet sinnir reglulega viðhaldi á öðrum hlutum flutningskerfisins en þessi viðbót er ekki annað en viðhald og fyrirbyggjandi aðgerðir til að þurfa ekki að fara í viðhald á undirstöðum eða skipta þeim út innan fárra ára.

Framkvæmd – viðgerð á undirstöðum

Sumar undirstöður er unnt að gera við með mastur uppistandandi en aðrar þarf að gera þegar búið er að fjarlægja mastur af undirstöðu. Viðgerðir undirstaða kalla á að grafið sé frá þeim, slegið upp mótum ónýtt yfirborð undirstöðu brotið og hreinsað. Eftir að búið er að slá upp mótum þarf að koma fyrir bendistáli og loks steinsteypu. Þegar steypan hefur fengið að harðna, er hægt að taka mót frá og fylla aftur að undirstöðunni með aðfluttu efni og/eða uppgröfnu. Til viðbótar við viðgerðir á undirstöðum, þyrfti að sjóða framlengingu á alla undirstöðubolta til að ný möstur geti staðið á þeim. Það helgast af því að undirstöðuboltinn er of stuttur fyrir stállegu sem sett er undir mastursfætur nýrra mastra. Myndirnar hér á eftir sýna ferlið eins og það myndi vinnast.



MYND 1 Viðgerð á frostskegmdri undirstöðu í BR1. Framkvæmd með mastur uppistandandi.

Framkvæmd – útskipti á undirstöðum

Ferlið við útskipti undirstaða er eftirfarandi:

1. Grafið frá undirstöðu eftir að búið er að taka niður eldra mastur
2. Undirstaða hífð upp og flutt til förgunar
3. Grafið upp úr holu og undirlag jafnað í holubotni
4. Ný undirstaða hífð ofan í holu og komið fyrir í réttum hnitum
5. Fyllt að undirstöðu með uppgrafinni fyllingu en mögulega þarf smávægilega viðbót
6. Nýtt mastur reist á nýjar undirstöður

Það er mat Landsnets að þar sem nýjar undirstöður verða staðsettar á sama stað og þær eldri að ekki hljóttist risk af nema innan mastursstæðis í kringum holuna.

Endurbyggingu línunnar fylgir töluverð umferð tækja og bíla. Vissulega koma útskipti undirstaða til með að auka þá umferð að einhverju leyti, en það er ekki talin vera grundvallar breyting á framkvæmd og ekki hægt að skilgreina sem breytingu á framkvæmd skv. tl. 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í raun er framkvæmdin að stórum hluta viðhaldsframkvæmd.

Til viðbótar við þær 40 undirstöður sem lenda í flokkum 3 og 4 í ástandsmati bætast við 48 stk. og yrði þá búið að skipta um allar undirstöður í möstrum 3, 6-8, 10-35, 37 og 39. Rétt er að taka það fram að

eitt mastur með staðsteyptum undirstöðum lenti í flokki 3. Það er mastur 39 sem er skammt austan við Hafravatnsveg nærri Sólheimum. Umrætt mastur kemur til með að standa og er því gert ráð fyrir því að ráðast þurfi í viðgerðir á undirstöðum mastursins. Um er að ræða svokallaðan fjórfótung og eru undirstöðurnar fjórar talsins.

Umhverfis- og öryggismál

Til viðbótar við hefðbundið framkvæmdaeftirlit, bætist eftirlit vegna vatnsverndarmála og öryggis þeim tengdum. Hluti línunnar er á grannsvæði vatnsverndar og hluti á öryggissvæðum yfirborðsvatns og öryggissvæði grunnvatns. Landsnet setur fram mjög strangar kröfur varðandi ástand tækja sem fara um svæðið ásamt því að vera með sérstakan eftirlitsmann sem sinnir eftirliti vegna þessa. Tekið verður mið af umfangi viðbótarviðgerða þegar sótt verður um tilskilin leyfi heilbrigðiseftirlits.

Lokaorð

Eins og áður segir telur Landsnet hér að um sé að ræða viðhaldsverkefni sem ekki falli undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar sem verkefnið hefur á fyrri stigum komið á borð Skipulagsstofnunar, telur Landsnet rétt að upplýsa stofnunina um að viðhald á mannvirkjum Kolviðarhólslínu 1 er meira en fyrirséð var í upphafi árs. Óski Skipulagsstofnunar frekari upplýsinga skal hafa samband við Daníel Scheving Hallgrímsson, danielh@landsnet.is.